

RÝMING ER SJÁLFSÖGD VARÚÐARRÁÐSTÖFUN

▼ Fyrir öryggi íbúanna skiptir það höfuðmáli að húsnæði sé alltaf rýmt þegar talin er hætta á snjóflóðum. Erfitt getur verið að segja til um það með vissu hvort snjóflóð fari af stað og nákvæmlega hversu langt það fari. Sökum þessarar óvissu er ljóst að þó að húsnæði sé rýmt mun í fæstum tilfellum falla snjóflóð inn á reitinn sem rýmdur var. ▲

ÁKVÖRÐUN UM RÝMINGU HÚSNÆÐIS

▼ Samkvæmt lögum nr. 49, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum frá 23. maí 1997, tekur Veðurstofa Íslands ákvörðun um rýmingu húsnæðis að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd. Lögreglustjóri, í samráði við almannavarnarnefnd, getur ákveðið að rýma húsnæði án aðkomu frá Veðurstofu Íslands eða ákveðið að rýma stærra svæði en Veðurstofan gefur fyrir-mæli um.

Lögreglustjóri, í samráði við almanna-varnarnefnd, tekur ákvörðun um staðbundna rýmingu vegna annarrar hættu en snjóflóðahættu, svo sem vegna aur-skríðna, vatnavaxta eða krapaflóða, þar sem ekki er stuðst við fyrirfram ákveðna reitaskiptingu á rýmingarkortum. Sömu aðilar taka ákvarðanir um rýmingu húsa í dreifbýli og um takmarkanir á umgengni við hesthúsabyggð og önnur svæði utan rýmingarkorta. ▲

DAGLEG VÖKTUN Á SNJÓFLÓÐAHÆTTU

▼ Á Veðurstofu Íslands er snjóflóða-hætta vöktuð daglega yfir vetrar-mánuðina. Á helstu þéttbýlistöðum, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, eru starfandi snjóathugunarmenn, sem fylgjast með snjóalögum og uppbyggingu snjóþekjunnar. Við ákvörðun um rýmingu er stuðst við upplýsingar frá snjóathugunarmönnum um snjósöfnun og lagskiptingu snjóþekjunnar, veður-spá, upplýsingar frá sjálfvirkum og mönnuðum veðurstöðvum og mælingar á snjódypt frá snjódyptarmælum á upptakasvæðum flóða. Niðurstöður reiknilíkana og samanburður við veður-aðdraganda þekkra snjóflóða gefa vísbandingu um hversu stórra snjóflóða geti verið að vænta. ▲


VERÐUR ALLTAF ÞÖRF Á AÐ RÝMA HÚSNÆÐI?

▼ Rýmingarreitir á I. og II. stigi eru í flestum tilvikum á hættusvæði C. Samkvæmt reglugerð nr. 505 frá 2000 á að tryggja öryggi á hættusvæðum C með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum á húsnæði. Stefnt er að því að brýnustu varnaraðgerðum verði lokið á næstu árum. Eftir þann tíma ætti því ekki að vera þörf á rýmingu á I. og II. stigi. Áfram verður þörf á að fylgjast með snjóflóðahættu og grípa til rýmingar á III. stigi ef ástæða er talin til. Eins og áður er komið fram er rýming á III. stigi mun sjaldgæfari en rýming á I. eða II. stigi. ▲

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Helstu símanúmer:	
Neyðarnúmer	112
Lögreglustöðin	470 6125
Stjórnstöð almannavarna-nefndar (Strandgata 52, Eskifirði)	470 6135
Slökkvistöðin	476 1622
Heilsugæslustöðin	470 1450
Björgunarsveitahúsið	477 1799
Fjöldahjálparstöð:	
Egilsbúð, Egilsbraut 1	
Víðbúnaðarupplýsingar á vefnum:	
www.vedur.is/ofanflod/vidbunadur	
www.almannavarnir.is/ryming.asp	

ÁKVÖRÐUN UM RÝMINGU



LEIÐBEININGAR

▼ Ákvörðun um rýmingu verður tilkynnt íbúum símleiðis. Eftir að íbúum á tilgreindum reitum hefur borist tilkynning um rýmingu, ber þeim að fara eins fljótt og auðið er í öruggt húsnæði skv. fyrirfram ákveðinni áætlun. Allir, sem staddir eru í húsum sem rýma skal, þurfa að tilkynna hvar þeir verða. Þeir, sem óska aðstoðar almannavarnarnefndar við útvegum húsnæðis, mæti sem fyrst í fjöldahjálparstöð í Egilsbúð, Egilsbraut 1. ▲

Áður en húsið er yfirgefið skal húsráðandi/íbúi huga að eftirfarandi:

1. Ganga tryggilega frá helstu verðmætum eða hafa þau meðferðis.
2. Taka til lyf, fatnað og nauðsynleg hjálpartæki, t.d. gleraugu og heymartæki o.fl. þ.h.
3. Taka með sér nauðsynjar fyrir ungbörn ef þau eru á heimilinu.
4. Tryggja að matvæli liggja ekki undir skemmdum.
5. Loka tryggilega öllum gluggum og dyrum.
6. Ganga úr skugga um að hiti sé á húsinu.
7. Skilja eftir ljós í forstofu og við útidyr.

Að þessu loknu skal halda tafarlaust til þeirrar fjöldahjálparstöðvar sem ákveðin hefur verið til móttöku/skráningar fólks eða til þess staðar sem ákveðinn hefur verið.

Þegar HÆTTUÁSTAND er yfirstaðið er því formlega aflýst af Veðurstofu, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd. Slíkt skal tilkynnt öllum hlutaðeigandi og fólk aðstoðað við að snúa til síns heima.

VEÐURSTOFA ÍSLANDS OG ALMANNAVARNARDEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

FJARÐABYGGÐ:

NESKAUPSTAÐUR

RÝMING HÚSNÆÐIS VEGNA SNJÓFLÓÐAHÆTTU

AUKIÐ ÖRYGGI

▼ Mannskaðar og eignatjón af völdum snjóflóða á Íslandi á umliðnum árum sýna, svo ekki verður um villst, að grípa verður til aðgerða til þess að auka öryggi fólks sem býr eða starfar á snjóflóðahættusvæðum. Varnarvirki gegn snjóflóðum draga úr hættunni en uppbygging þeirra er yfirgripsmikið verkefni og kostnaðarsamt. Því mun nokkur tími líða þar til komið hefur verið upp varnarvirkjum alls staðar þar sem þeirra er þörf. Ekki verður öll byggð á hættusvæðum varin með varnarvirkjum og þau veita ekki fullkomið öryggi þó þau dragi úr hættunni. Veðurstofa Íslands hefur í samráði við Almannavarnadeild

Ríkislögreglustjóra og almannavarnarnefnd í héraði gert áætlun um rýmingu húsnæðis í Neskaupstað sem miðar að því að forða fólki undan hugsanlegu snjóflóði þegar veðurspá og aðstæður á staðnum benda til þess að hætta sé á ferðum. Um er að ræða endurskoðun á rýmingarkorti og rýmingaráætlun frá árinu 1996. Við endurskoðunina hefur verið tekið tillit til hættumats, sem unnið hefur verið fyrir þær byggðir sem búa við snjóflóðahættu, og snjóflóðavarnarvirkja sem reist hafa verið. Rýmingarkortin verða í framtíðinni endurskoðuð í framhaldi af frekari uppbyggingu snjóflóðavarnarvirkja. ▲

RÝMINGARÁÆTLUN OG REITAKORT

▼ Í þessum bæklingi er að finna upplýsingar um rýmingaráætlun og reitakort fyrir Neskaupstað sem Veðurstofa Íslands hefur unnið í samráði við heimamenn. Rýmingaráætlunin og reitakortið verða lögð til grundvallar aðgerðum þegar snjóflóðahætta skapast. Reitakortið er sérstakur uppdráttur af Neskaupstað þar sem merkt eru inn þau svæði í bænum,

svokallaðir rýmingarreitir, þar sem getur orðið ástæða til þess að rýma húsnæði ef talin er hætta á snjóflóðum. Samkvæmt lögum ber Veðurstofunni að gefa út viðvaranir um staðbundna snjóflóðahættu. Skal þá rýma húsnæði á reitum, sem tilgreindir eru í viðvörðun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi rýmingaráætlun. ▲

HVER ER MUNURINN Á RÝMINGARKORTI OG HÆTTUMATSKORTI?

■ Rýmingarkort afmarka reiti sem rýmdir verða við ákveðnar aðstæður.

■ Hættumatskort eru notuð við skipulagningu byggðar. Þau sýna, eins og nafnið ber með sér, mat á áhættu af völdum snjóflóða og annarra ofanflóða. Á hættumatskortum afmarkar hættumatslína snjóflóðahættusvæði frá svæðum fjær hlíðum þar sem hætta er talin viðunandi. Ofan hættumatslínu eru dregnar jafnáhættulínur sem afmarka hættusvæði A, B og C í vaxandi áhættu.

RÝMING – SKIPULAG OG FRAMKVÆMD

▼ Lögreglustjóri og almannavarnarnefnd stjórna rýmingu húsnæðis sem fer fram samkvæmt rýmingaráætlun. Lögregla, björgunarsveit eða Rauðakrossdeild sér um að skrá nöfn þeirra sem rýmt hafa húsnæði sitt og hvar þeir dvelja meðan rýming varir. Skráning fer fram í fjöldahjálparstöð eða símleiðis.

Þegar húsráðandi/íbúi fær fyrir-mæli um að rýma hús sitt, skal hann tryggja að allir sem í húsinu búa eða vinna fái vitnesku um að rýma skuli húsnæðið. Fara skal á þann stað og eftir þeim leiðum sem fyrir-mæli kveða á um.

Meðan fyrir-mæli um rýmingu húsnæðis eru í gildi er umferð um rýmda reiti bönnuð nema með samþykki lögreglustjóra. ▲

HELSTU HUGTÖK

■ Rýmingarkort Kort þar sem rýmingarreitir eru afmarkaðir. Kortið sýnir jafnframt útlínur þekkra snjóflóða og upplýsingar um skriðlengd. Kortið í þessum bæklingi er einfölduð útgáfa af rýmingarkortinu sem hægt er að nálgast á: www.vedur.is/ofanflod/vidbunadur

■ Rýmingarreitir Rýmingarkort skiptir bæjarfélagi upp í reiti. Reitaskiptingin nær til alls bæjarfélagsins, einnig þeirra svæða sem aldrei eru rýmd. Rýmingarreitir eru auðkenndir með númerum. Til þess að númer reita ruglist ekki saman við rýmingarstig, sem táknnað er með rómversku tölunum I, II og III, er reitum úthlutað númerum frá og með 4.

■ Rýmingaráætlun Rýmingaráætlun er framkvæmda-áætlun almannavarnarnefndar og tiltekur hvornig staðið skuli að rýmingu í þéttbýli í viðkomandi sveitarfélagi. Í áætluninni er listi yfir hús á hverjum reit, og upplýsingar um íbúa, símanúmer o.fl. sem þörf er á þegar til rýmingar kemur. Listinn með kortinu í bæklingi þessum er einfölduð útgáfa af listanum.

■ Rýmingargreinargerð Greinargerð fylgir hverju rýmingarkorti. Í greinargerðinni er fjallað um landfræðilegar aðstæður, snjóflóðasögu og aðdraganda snjóflóða á viðkomandi stað. Gerð er grein fyrir aðstæðum sem skapa snjóflóðahættu og leiða til rýmingar í sveitarfélaginu.

ÞRJÚ STIG RÝMINGAR

■ **Rýming á I. stigi** nær til þeirra reita sem eru næst hlíð eða snjóflóðafarvegi. Þar þarf ekki mikla snjó söfnun í upptakasvæði til þess að skapa snjóflóðahættu.

■ **Rýming á II. stigi** miðast við þekkt flóð eins og þau ná lengst eða önnur svæði sem talin eru sambærileg. Á þessum reitum skapast hætta við mikla snjó söfnun. Rýming á II. stigi fylgir í flestum tilvikum hættumatslínu C á hættumatskorti.

■ **Rýming á III. stigi** nær til svæða þar sem mjög stór snjóflóð eru hugsanleg við verstu aðstæður. Við afmörkun á þessum svæðum er stuðst við reiknilíkön og metið hversu langt snjóflóð gæti náð ef aftaka aðstæður skapast.

Í Neskaupstað bendir snjóflóðasagan og niðurstöður líkanreikninga til þess að snjóflóð geti fallið langt inn í bæinn og jafnvel í sjó fram í stórum hluta hans. Það gerir það að verkum að rýming á stigi III, sem miðað er við að rýmst sé við sérstakar aftakaaðstæður, er vart framkvæmanleg. Hér verður einnig að hafa í huga hættuna á stórslysi, sem getur orðið ef fjölmenni er safnað saman á lítið svæði, jafnvel þótt svæðið sé talið öruggara en aðrir hlutar bæjarins. Þess vegna er gripið til þess ráðs, komi upp aftakaaðstæður í Neskaupstað, að rýma einungis þann hluta svæðis III sem hættulegastur er talinn – og dreifa þannig áhættunni. Þessi svæði eru nefnd rýmingarsvæði á stigi II½ og skal gripið til rýmingar þeirra ef upp koma aftakaaðstæður. Búið er við að sárasjaldan komi til rýmingar á stigi II½, en engu að síður er nauðsynlegt að hafa tilbúna áætlun um rýmingu þeirra svæða ef sú óvenjulega hætta skapast.

UPPLÝSINGAR UM FLÓÐ

▼ Upplýsingum um snjóflóð og skriður er skilað til Veðurstofu Íslands á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á vef Veðurstofunnar: www.vedur.is/ofanflod/skraning eða með því að hafa samband við Veðurstofuna í síma **522 6000**. Snjóathugunarmenn í helstu snjóflóðabyggðarlögum taka einnig við upplýsingum um flóð. ▲

ÞETTA KORT SÝNIR REITASKIPTINGU RÝMINGARÁÆTLUNAR FYRIR NESKAUPSTAÐ

Hver reitur er auðkenndur með tölustaf frá 4–21

Reitur 4 I. stigs rýming	Reitur 6 III. stigs rýming	Reitur 7 ekki rýming	Reitur 9 II. stigs rýming	Reitur 10 II. stigs rýming	Reitur 11 II. stigs rýming	Reitur 12 II.½ stigs rýming	Reitur 13 III. stigs rýming	Reitur 14 III. stigs rýming	Reitur 17 II.½ stigs rýming	Reitur 19 ekki rýming
Strandgata 20, 43, 44, 45, 62 og 79 Urðarteigur 37a	Borgarnaust 6–8 Hafnaraustr 5 Naustahvammur 52, 54, 57, 67, 69 og 76 Vindheimanaust 5	Hafnaraustr 6 og 7	Ásgarður 1–6 Hafnarbraut 36, 48, 50 (gistiheimili), 51, 52 og 54 Hlíðargata 15–18 og 23 Miðgarður 1–4, 7–9, 12–14 og 16 Strandgata 1, 2, 4, 6, 8, 10, 14, 17, 19, 20a, 22, 26, 30, 32, 34, 36, 38 og 40 Tröllavegur 1, 3 og 4	Blómsturvellir 1, 1a, 3, 5 og 7 Blómsturvellir 8, 11–17, 20, 22, 24, 25 og 27 Hólsgata 6 og 8 Miðstræti 22–26	Blómsturvellir 23–38 Blómsturvellir 8, 11–17, 20, 22, 24, 25 og 27 Hólsgata 6 og 8 Miðstræti 22–26	Piljuvellir 12 Hafnarbraut 1–4 (heilsugæsla), 6, 8, 10, 13–17, 19, 20, 22 og 24 Hlíðargata 1 og 2 Hólsgata 2–5, 7 og 9 Melagata 1–5 Miðstræti 18 og 20 Stekkjargata 3 og 5 (slökkvístöð)	Egilsbraut 1 (félagsheimili, bæjarskrifstofur) og 2	Piljuvellir 3, 4, 6, 8, 9–11, 12, 14, 19 og 21 Pórhólsgata 1, 1a og 6 Blómsturvellir 26–32 (leikskóli), 33–37, 39 og 41–49 Egilsbraut 3 Ekrustígur 4 og 6 Kvíabólsstígur 1, 3 og 4 Miðstræti 1, 2, 4, 6, 8, 8a, 10, 12 og 14–16 (sundlaug) Mýrargata 1–3, 5, 5a, 7 og 8 Skólavegur 3 Sverrístún 2–4 Víðimýri 1–12	Breiðablik 11 Gauksmýri 1–4 Gilsbakki 11, 13 og 14 Hrafnsmýri 2 Mýrargata 9, 11, 13, 15, 17–21 (fjórðungssjúkrahús), 23, 25, 26, 28a, 28b, 29, 31, 33, 35 og 37 Nesbakki 8, 10, 12–17 og 19–21 Starmýri 2, 3, 5, 7, 9, 11, 13 og 15 Valsmýri 1–6 Víðimýri 14	Bakkabakki 6c, 10 og 12 Eyrargata 4–9 og 11 Gilsbakki 2 Nesgata 10, 38 og 40 (heimavist)
Naustahvammur 20, 45 og 48 Vindheimanaust 7 og 8		Reitur 8 I. stigs rýming	Ásgarður 8, 10 og 12 Hlíðargata 21, 22, 24–28 og 31–34 Urðarteigur 1–12, 12a, 14–18, 20–23 og 25–29					Reitur 15 ekki rýming		
								Egilsbraut 4, 6–9, 9a, 11, 14, 17, 19, 21–23, 25 og 26 Nesgata 3–7 Skólavegur 1 Pórhólsgata 2	Reitur 18 III. stigs rýming	
								Reitur 16 II. stigs rýming	Árblik 1 Bakkabakki 1–3, 4a, 4b, 5, 6a, 6b, 7, 9, 11 og 15 Bakkavegur 5 Breiðablik 1, 3–7 og 9 Ekrustígur 2 Eyrargata 6 Gilsbakki 1, 3–8, 10 og 12 Mýrargata 10 (skóli), 10b (íþróttahús), 30, 32, 39 og 41 Nesbakki 2, 4 og 6 Nesgata 13, 14, 16, 18, 20, 20a, 25, 27, 29, 32, 33, 35, 36, 39a, 41 og 43 Skólavegur 12 (grunnskóli) Starmýri 1	Reitur 20 III. stigs rýming
								Gauksmýri 5 og 6 Hrafnsmýri 1, 3–6 Starmýri 17–19 og 21–23 Víðimýri 13, 17 og 16–18		Lyngbakki 4 Marbakki 5 og 7–14 Sæbakki 11, 13, 15, 18, 22, 24, 26, 28 og 32
										Reitur 21 ekki rýming
										Lyngbakki 1, 3 og 5 Marbakki 1–4 og 6 Sæbakki 1–10, 12, 14, 16 og 20

